

220.fundur - 11. mars 2004

Endurrit fundargerðar hreppsnefndar Reykhólahrepps frá 11.mars 2004.

Fundurinn var haldinn að Maríutröð 5a, Reykhólum og til hans var boðað með svofelldri dagskrá.

1. Farið yfir fundargerð 219.fundar.
2. Þrjár fundargerðir byggingarnefndar íþróttahúss frá 13. febrúar, 20.febrúar og 5. mars 2004.
3. Fundargerð Umhverfis- og náttúruverndarnefndar frá 25.febrúar 2004.
4. Fundargerð Skipulags-, bygginga og hafnarnefndar frá 25.febrúar.2004.
5. Fundargerð Mennta- og menningarmálanefndar frá 5. mars 2004.
6. Grunnskólaþing sveitarfélaga 26.mars 2004, haldið í Reykjavík (tilkynning).
7. Skáleyjar, erindi frá Skáleyjabændum dagsett 26.febrúar 2004.
8. Búfjáreftirlit, erindi frá Búnaðarsamtökum Vesturlands.
9. Skráning heimilda um menningarminjar, erindi frá Breiðafjarðarnefnd. (tilkynning).
10. Afrit af bréfi form. samgöngunefndar sveitarfélaganni í Barðastrandarsýslu til Skipulagsstofnunar (tilkynning).
11. Lagning vatnsleiðslu frá Múlanesi út í Flatey, fundargerð Framfarafélags Flateyjar 25. febrúar 2004 ásamt verklýsingu (tilkynning).
12. Umsókn til Landgræðslusjóðs um styrk til girðingar kringum skólbelti á Reykhólum (tilkynning).
13. 46.fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð (tilkynning).
14. Samstarf í barnaverndarmálum, bréf frá Borgarbyggð og sameiginlegt bréf Saurbæjarhrepps og Reykhólahrepps til Félagsmálaráðuneytis.
15. Gjaldskrárbreyting Sorpurðunar Vesturlands h/f (tilkynning).
16. Vatnsdæla í Flatey, minnisblað sveitarstjóra.
17. Hálkueyðing á Hjallahálsi, bréfaskipti Reykhólahrepps og Vegagerðarinnar.
18. Framtíðarskipulag (framtíðarsýn) Vestfjarða, erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga.
19. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, ársreikningur (tilkynning).
20. Tillaga varðandi Reykhólaflugvöll, viðhaldsþjónustu og öryggi.
21. Önnur mál.

Þetta gerðist:

Fundurinn settur kl. 15:07. Mættir allir aðalmenn nema Gústaf Jökull, í stað hans mætir Björk Bárðardóttir.

Sveitarstjóri lagði til að eftirfarandi önnur mál yrðu tekin fyrir undir liðnum "önnur mál":

- a) Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga varðandi sameiningarmál sveitarfélaga.
- b) Kjör fulltrúa í stjórn byggingarfulltrúaembættisins í Búðardal.
- c) Málefni einstaklings (fundi lokað).

Samþykkt að bæta ofangreindum málum við.

1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð 219.fundar.

2) Fundargerðir byggingarnefndar íþróttahúss frá 13.febrúar, 20. febrúar og 5.mars 2004. Sveitarstjóri lagði enn fremur fram verksamning sem hreppurinn er búinn að gera við Jón Guðmundsson arkitekt um hönnun hússins. Kynntar voru frumteikningar sem Jón er búinn að vinna að íþróttahúsinu. Enn fremur bréf frá fyrirtækinu Kolur ehf þar sem forsvarismaður þess hvetur til þess að fyrirtæki og tækjæigendur í hreppnum fái jafnan rétt til að spreyta sig með því að bjóða á jafnréttisgrundvelli í verkefnið, þ.e. þann hluta þess sem lendir hjá heimamönnum. Fyrir hönd fyrirtækis síns óskar hann eftir að fá að bjóða í alla þá liði sem upp eru taldir í bréfinu. Sveitarstjóri falið að svara bréfinu og þakka áhugann. Hreppsnefnd fylgir þeirri stefnu að gefa heimamönnum kost á að taka að sér þessa verkþætti þegar frekari upplýsingar liggja fyrir um umfang verksins. Fundargerðir samþykktar.

3) Fundargerð Umhverfis- og náttúruverndarnefndar frá 5.mars 2004. Sveitarstjóri lagði fram loftmynd af Reykhólum þar sem sérfræðingar Skógræktarfélags Íslands gafa teiknað inn skógarlundi og skjólbelti. Fundargerð samþykkt.

4) Fundargerð Skipulags-, bygginga og hafnarnefndar 25. febrúar 2004. Sveitarstjóri greindi frá því að hann og framkvæmdastjóri Þörungaverksmiðjunnar ættu bókaðan fund með samgönguráðherra 26. mars þar sem þeir myndu ræða við hann um nauðsyn þess að gerður verði brimvarnargarður við Reykhólahöfn. Fundargerð samþykkt.

5) Fundargerð Mennta- og menningarmálanefndar frá 5. mars 2004. Menntamál, fundargerð samþykkt. Menningarmál:

- a: 17. júní hátíðahöld. Samþykkt að leita til Reykhóladeildar Lions með hátíðahöldin 2004.
- b: Vestfjarðavíkingur 2004. Hreppsnefnd tekur jákvætt í að keppnin verði haldin a.m.k. að hluta í hreppnum.
- c: Framþróun hlunnindasýningar. Samþykkt að leita til Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur fyrrverandi sveitarstjóra með frekari ráðgjöf og aðstoð.
- d: Aðrir liðir samþykktir á athugasemda.

6) Grunnskólaþing sveitarfélaga í Reykjavík 26. mars 2004. Sveitarstjóri falið að kanna áhuga hjá skólastjóra og skólanefnd.

7) Skáleyjar, erindi frá Skáleyjabændum. Hreppsnefnd mælir með erindinu.

8) Búfjáreftirlit, erindi frá Búnaðarsamtökum Vesturlands. Um er að ræða tillögu um að búnaðarsamtökin taki að sér þetta eftirlit. Samþykkt að ganga til samninga við búnaðarsamtökin á grundvelli fyrirbyggjandi draga.

9) Skráning heimilda um menningarminjar, erindi frá Breiðafjarðarnefnd. Samþykkt að vekja athygli á málinu í væntanlegu fréttabréfi.

10) Afrit af bréfi formantt samgöngunefndar sveitarfélaganna í Barðastrandarsýslu til Skipulagsstofnunar (tilkynning). Bréfið lagt fram til kynningar.

11) Lagning vatnsleiðslu frá Múlanesi út í Flatey, fundargerð Framfarafélags Flateyjar frá 25. febrúar 2004 ásamt verklýsingu (tilkynning).

12) Umsókn til Landgræðslusjóðs um styrk til girðingar kringum skjólbelti á Reykhólum (tilkynning).

13) 46.fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð (tilkynning).

14) Samstarf í barnaverndarmálum, bréf frá Borgarbyggð og sameiginlegt bréf Saurbæjarhrepps og Reykhólahrepps til Félagsmálaráðuneytis. Lagt fram til kynningar.

15) Gjaldskrárbreyting Sorpurðunar Vesturlands (tilkynning).

16) Vatnsdæla í Flatey, minnisblað sveitarstjóra. Samþykkt að hreppurinn kosti dæluna gegn því að heimamenn sjái að öllu leyti um uppsetningu og tengingar. Jafnframt verði þeim sem dæluvatnsins njóta tilkynnt að frá og með 1. maí 2005 verði rekstur og viðhald dæluunnar að öllu leyti á þeirra ábyrgð og að hreppurinn muni hætta að greiða rafmagnskostnað frá og með þeim tíma.

17) Hálkueyðing á Hjallahálsi, bréfaskipti Reykhólahrepps og Vegagerðarinnar.

18) Framtíðarskipulag (framtíðarsýn) Vestfjarða, erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Hreppsnefnd tekur jákvætt í málið með fyrirvara um kostnað.

19) Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, ársreikningur (tilkynning).

20) Tillaga varðandi Reykhólaflugvöll, viðhaldsþjónustu og öryggi. Eftirfarandi tillaga samþykkt: Hreppsnefnd Reykhólahrepps skorar á flugmálayfirvöld að sjá til þess að Reykhólaflugvöllur fái eðlilega viðhaldsþjónustu og verði haldið við í öryggisskyni. Reykhólaflugvöllur er eini flugvöllurinn á mjög stóru svæði og er mikilvægur sem sjúkraflugvöllur.

21) Önnur mál:

a: Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga varðandi sameiningarmál sveitarfélaga. Eftirfarandi samþykkt:

Miðað við núverandi samgöngur og landfræðilega legu sveitarfélagsins telur hreppsnefnd sameiningu suður á bóginn eina raunhæfa kostinn. Íbúar hreppsins höfnuðu hins vegar þeirri leið í almennum kosningum árið 2002. Hreppsnefnd hefur ekkert á móti því að Fjórðungssambandið vinni tillögu um sameiningarkosti en telur ástæðulaust að veita Fjórðungssambandinu sérstakt umboð til þeirra hluta.

b: Kjör fulltrúa í stjórn byggingarfulltúaembættis. Egill Sigurgeirsson kosinn.

c: Fundi lokað vegna málefna einstaklings.

Þar sem næsta reglulegan fundardag ber upp á skírdag, var ákveðið að næsti fundur yrði haldinn 15. apríl.

Fleira gerðist ekki, fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:25.

Málfríður Vilbergsdóttir
Þórður Jónsson
B. Stefán Jónsson
Egill Sigurgeirsson
Björk Bárðardóttir
Einar Örn Thorlacius (ritar).